

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Háholts 11-15, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, á fundi sínum þann 23. maí 2003.

Breytingin felst í því að stærð lóða og byggingareita er breytt. Auk þess sem aðkomu að lóð Háholts 11 er breytt.

Uppdráttur og skýringarmynd hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldra deiliskipulag.

Mosfellsbæ, 22. maí 2003.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

REGLUGERÐ

um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið, markmið og tilgangur.

Reglugerð þessi og viðaukar hennar taka til farþegaskipa og flutningaskipa samkvæmt 2. gr. laga nr. 76/2001.

Markmið og tilgangur þessarar reglugerðar er að tryggja öryggi áhafna, farþega og íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og efla varnir gegn mengun sjávar. Þessu markmiði skal náð með því að gera tilteknar og skýrar kröfur um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn þeirra sem starfa um borð í íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum og tryggja með því eins og kostur er faglega hæfni íslenskra áhafna miðað við stærð og gerð skips, verkefni þess, úthald og farsvið.

2. gr.

Orðskýringar.

Að því marki sem hugtök eru ekki skilgreind í lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, er merking hugtaka í reglugerð þessari sem hér segir:

1. *Alþjóðasamþykktin* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum.
2. *STCW-kóði* er safn reglna um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna eins og þær voru samþykktar með ákvörðun ráðstefnu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) árið 1995, með síðari breytingum.
3. *Viðurkennt* er viðurkennt af Siglingastofnun Íslands.
4. *Fjarskiptastörf* ná til vaktstöðu, notkunar, viðhalds og viðgerða á tækjabúnaði sem framkvæmd eru í samræmi við alþjóðaradíóreglugerðina, alþjóðasamning um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) og samkvæmt ákvörðun Siglingastofnunar Íslands og tilmælum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), eftir því sem við á.